

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík, 23. nóvember 2005.

Efni: Þingsáttill. um aðg. til að bæta skil á fjármtsk. (36. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu sem felur það í sér að undirbúin verði lagasetning sem kveði á um skyldu fjármálafyrirtækja til að láta skattfyrvöldum í té upplýsingar um fjármagnstekjur skattgreiðenda.

Kvartað er yfir því í greinargerð tillögunnar að fjármálafyrirtæki hafi „...tregðast við að veita skattayfirvöldum upplýsingar um fjármagstekjur...“ Samkvæmt 1. mgr. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 er fjármálafyrirtækjum óheimilt að veita upplýsingar um viðskiptamálefni viðskiptavina sinna nema þeim sé það skylt lögum samkvæmt. Því er sjálfsagt og eðlilegt að fjármálafyrirtæki hafi hingað til ekki veitt slíkar upplýsingar.

Ef til lagasetningar kemur um þetta efni er mikilvægt að stígið sé létt til jarðar þegar kemur að opinberu eftirliti með einkamálefnum fólks. Slíkt eftirlit má aldrei ganga lengra en þörf krefur til að ná markmiðum lagasetningarinnar.

Að öðru leyti gerir Viðskiptaráð ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson